


Júlí 2020



# Ársskýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2019



## Ársskýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík  
545 9700 | postur@anr.is

Júlí 2020

Ábyrgðarmaður: Kristján Þór Júlíusson  
Umsjón: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson  
& Einar Guðmundsson

© 2020 – Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

stjornarradid.is

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytis</b>	<b>7</b>
Rekstur og fjárfestingar	8
<b>Málefnasvið</b>	<b>11</b>
<b>Málaflokkar</b>	<b>15</b>
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	21
<b>Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn</b>	<b>22</b>
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019</b>	<b>23</b>





## Ávarp ráðherra

Við Íslendingar erum matvælaþjóð og byggjum afkomu okkar öfluga samfélags að stórum hluta á því að nýta auðlindir okkar með sjálfbærum hætti, bæði til sjós og lands. Við eigum að sækja fram og leggja áherslu á nýsköpun og sjálfbærni. Við þurfum einnig að tryggja að regluverkið sé skýrt og einfalt, fyrir neytendur og framleiðendur.

Verkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á árinu 2019 voru með það að leiðarljósi, að einfalda regluverk og styðja við matvælaframleiðslu og nýsköpun. Regluverkið verður að vera aðgengilegt og auðskiljanlegt og með það að markmiði voru felldar brott 1090 reglugerðir í landbúnaði og sjávarútvegi. Með þessum aðgerðum er öllum þeim sem þurfa að fylgja regluverkinu auðveldað að sjá í gegnum skóginn.

Ráðuneytið hefur unnið ötullega að aðgerðaráætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna. Stór skref voru tekin á sviði landbúnaðar þegar endurskoðun á samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar og nautgriparæktar var siglt í höfn á árinu 2019 sem munu hafa góð áhrif á starfsskilyrði greinanna.

Að auki hafa viðbótartryggingar vegna innflutnings á fersku kjöti tekið gildi, bæði gagnvart salmonellu í kjúklinga-, kalkúna-, svína- og nautakjöti og eggjum. Þessi áfangi var bæði ánægjulegur og mikilvægur fyrir matvælaöryggi Íslendinga og vernd búfjárstofna.

Ísland getur og á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum hvort sem er á sviði landbúnaðar eða sjávarútvegs. Liður í aðgerðaráætluninni var að setja af stað Matvælasjóð og fór mikil vinna fram við stofnun sjóðsins á árinu 2019 og mun hann hefja úthlutun seinni hluta árs 2020. Með því að setja á fót Matvælasjóð erum við í krafti nýsköpunar og þróunar að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar í landbúnaði og sjávarútvegi til hagsbóta fyrir allt samfélagið.

Mikilvægar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi um úthlutun tollkvóta sem miðuðu að því að einfalda og skýra regluverk varðandi úthlutun tollkvóta. Þetta leiðir til aukins ábata fyrir neytendur og að aukinni samkeppni á markaði.

Frumvarp um breytingu á lögum um fiskeldi urðu að lögum. Með lögunum er atvinnugreininni fiskeldi markaður skýr rammi og er sjálfbær þróun og vernd lífríkis höfð að leiðarljósi. Þá varð frumvarp um gjaldtöku vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð að lögum.

Skipað var í verkefnisstjórn til að koma með tillögur um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni. Með verkefnisstjórninni starfaði sérstakur samráðshópur skipaður fulltrúum allra þingflokka og helstu hagaðilum og munu skila tillögum sínum sumarið 2020. Að auki skilaði verkefnisstjórn um tillögur um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni niðurstöðum sínum.

Við tókum stór skref á árinu 2019 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til að bæta hag neytenda, bæta umhverfi framleiðenda og auka virði afurða. Þessar áherslur fylgja okkur áfram á nýju ári og við höldum áfram að efla matvælalandið Ísland.

*Kristján Þór Júlíusson*  
*sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*

---

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

---

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tók formlega til starfa 4. september 2012 við sameiningu þriggja ráðuneyta; efnahags- og viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Tveir ráðherrar fara með málaflokka ráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Skrifstofur ráðuneytisins eru sex, fjórar fagskrifstofur, skrifstofa ráðuneytisstjóra og ein stoðskrifstofa sem starfar þvert á ráðuneytið.

Fagskrifstofur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru tvær; skrifstofa matvæla og landbúnaðar og skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis. Hlutverk fagskrifstofanna er að sjá til þess að ávallt sé faglega unnið að undirbúningi mála og að þekking starfsmanna sé nýtt og henni viðhaldið. Fagskrifstofurnar bera ábyrgð á lagamma og regluverki þeirra málaflokka sem eru á þeirra forræði, í samráði við stofnanir ráðuneytisins. Stofnanir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru fjórar talsins.

Tvö málefnasvið eru á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en það eru málefnasvið 12 Landbúnaður og málefnasvið 13 Sjávarútvegur og fiskeldi. Einnig fer sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með hluta málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnu- mála og nýsköpunar og málefnasviðs 21 Háskólastig.

Fjölbreytt verkefni voru unnin á málefnasviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á árinu 2019 er miðuðu að því að styðja við þau markmið sem skilgreind voru fyrir árið 2019.

Meðal helstu verkefna eru eftirfarandi:

- 
- Endurskoðun búvörusamninga. Á árinu 2019 var lokið við endurskoðun samninga um starfsskilyrði sauðfjárræktar og nautgriparæktar. Innleiddir voru sérstakir aðlögunarsamningar í sauðfjárrækt sem miða að því að gera sauðfjárbændum kleift að draga úr eða hætta sauðfjárrækt. Við endurskoðun samninganna var jafnframt áhersla lögð á loftslagsmál og kolefnisjöfnun greinanna.
- 
- Unnið var að aðgerðaáætlun í 17 liðum um að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Stórum hluta aðgerða var lokið á árinu 2019, svo sem innleiðingu viðbótartrygginga vegna salmonellu gagnvart helstu innfluttu kjötttegundunum, skipan áhættumatsnefndar og bann við dreifingu á alifuglakjöti nema sýnt sé fram á að ekki hafi greinst kampýlóbakter.
- 
- Stefna sett varðandi baráttu gegn sýklalyfjaónæmi og stýrihópur settur á fót.
-

- 
- Í maí 2019 var samþykkt innkaupastefna matvæla fyrir ríkisaðila.
- 
- Frumvarp var lagt fram á haustþingi til um stofnun Matvælasjóðs.
- 
- Breytingar á fyrirkomulagi um úthlutun tollkvóta sem miðuðu að því að einfalda og skýra regluverk varðandi úthlutun tollkvóta. Markmið breytinganna var að stuðla að auknum ábata neytenda og aukinni samkeppni á markaði með landbúnaðarvörur en jafnframt gæta að hagsmunum innlendra framleiðenda.
- 
- Frumvarp um breytingu á lögum um fiskeldi var samþykkt á Alþingi 1. júlí. Löggin byggja að verulegu leyti á skýrslu starfshóps um stefnumótun í fiskeldi sem skilað var í ágúst 2017. Með lögnum er atvinnugreininni fiskeldi markaður skýr rammi og er sjálfbær þróun og vernd lífríkis höfð að leiðarljósi. Löggin gera ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur í reglugerðir um framkvæmd laganna og í kjölfarið hófst vinna við reglugerðir til frekari framkvæmda laganna.
- 
- Frumvarp um gjalddöku vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð var samþykkt á Alþingi 1. júlí 2019 og komu til framkvæmda 1. janúar 2020. Unnið var að reglugerðum í ráðuneytinu til frekari framkvæmda laganna.
- 
- Skipað var í verkefnisstjórn til að koma með tillögum um bætt eftirlit með fiskveiði- auðlindinni. Með verkefnisstjórninni starfaði sérstakur samráðshópur skipaður fulltrúum allra þingflokka og helstu hagaðilum. Verkefnisstjórnin mun ljúka störfum í júní 2020.
- 
- Starfshópur um aflaheimildir sem ríkið fer með forræði yfir var settur á fót. Hlutverk hópsins var að m.a. að meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun. Starfshópurinn lauk störfum í nóvember 2019.
- 
- Skipað var í nefnd til að endurskoða aflareglu fyrir þorsk. Horft var til þess að aflareglan skili hámarksafli, uppfylli kröfur um varúðarsjónarmið, auk þess sem að veiðar séu hagkvæmar og vistspor þeirra lágt.
- 


## Rekstur og fjárfestingar

Raunútgjöld verkefna á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 21.958,7 m.kr. árið 2019 en á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.



### Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



Mynd 1. Skipting útgjalda eftir málefnasviðum.

Til málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar heyra Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Útgjöld sjóðanna námu samtals 350 m.kr. á árinu 2019.

Á málefnasviði 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnu- og nýsköpunar fer ráðherra með málefni sem snúa að starfsemi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, s.s. húsnæðismál o.þ.h., og voru útgjöld um 958,6 m.kr.

Á málefnasviði 21 Háskólastig heyra rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og voru útgjöld samtals 209,2 m.kr.

Raunútgjöld málefnasviðs 12 Landbúnaður námu tæplega 16 ma.kr., þar af 14,1 ma.kr. vegna samninga um starfsskilyrði nautgriparræktar og sauðfjárræktar, samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk þeirra framlaga til ýmissa samninga og verkefna, s.s. vegna hagrannsóknna um landbúnað og varna gegn dýrasjúkdómum.

Raunútgjöld málefnasviðs 13 Sjávarútvegur og fiskeldi námu 4,5 ma.kr. Undir málefnasviðið falla ýmis verkefni og samningar í sjávarútvegi og fiskeldi, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

---

# Málefñasvið

---

# Málefнасvið

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 22.000,8 m.kr. en gert var ráð fyrir að til ráðstöfunar á árinu yrðu 23.641,2 m.kr.<sup>1</sup> Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.

**Tafla 1.** Rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.

Málaflokkar / rekstur	Raun- útgjöld	Til ráðstöfunar á árinu*	Frávik í m.kr.	Frávik %
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b>	<b>350,0</b>	<b>423,1</b>	<b>73,0</b>	<b>17,3%</b>
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	350,0	423,1	73,0	17,3%
<b>12 Landbúnaður</b>	<b>15.973,6</b>	<b>16.193,8</b>	<b>220,1</b>	<b>1,4%</b>
1210 - Stjórnun landbúnaðarmála	15.709,2	15.804,0	94,8	0,6%
1220 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	264,5	385,6	121,1	31,4%
1240 - Verðmiðlun og landbúnaðarsjóðir	0,0	4,2	4,2	100,0%
<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b>	<b>4.467,3</b>	<b>5.616,3</b>	<b>1.149,0</b>	<b>20,5%</b>
1310 - Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.161,3	1.755,3	594,0	33,8%
1320 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	3.306,0	3.861,0	554,9	14,4%
<b>16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála</b>	<b>958,6</b>	<b>1.199,0</b>	<b>240,4</b>	<b>20,1%</b>
1620 - Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar	958,6	1.199,0	240,4	20,1%
<b>21 Háskólastig</b>	<b>209,2</b>	<b>209,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0%</b>
2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi	209,2	209,2	0,0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>21.958,7</b>	<b>23.641,2</b>	<b>1.682,6</b>	<b>7,1%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

<sup>1</sup> Fjárlög, fjárfækjalög, yfirflutt árslokastaða, millifærslur innan málaflokks og úr almennum varasjóði.

## 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra forræði yfir AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Til ráðstöfunar voru alls 423,1 m.kr. á árinu 2019 og rekstrargjöld Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi námu alls 350 m.kr.

## 12 Landbúnaður

Starfsemi á málefnasviði 12 Landbúnaður er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka, 12.1 Stjórnun landbúnaðarmála og 12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum. Undir málefnasviðið fellur starfsemi Matvælastofnunar, búvöru- og búnaðarlagasamningar, greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum, Bjargráðasjóður og ýmsir samningar og verkefni í landbúnaði, m.a. Matarauður Íslands og hagrannsóknir í landbúnaði.

Til ráðstöfunar voru alls 16.193,8 m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 15.973,6 m.kr. og uppsafnað frávik því 220,1 m.kr. eða 1,4%.

## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi


Starfsemi á málefnasviði 13 Sjávarútvegur og fiskeldi er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka, 13.1 Stjórnun fiskveiða og fiskeldis og 13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi. Á málefnasviðinu eru þrjár stofnanir, Fiskistofa, Verðlagsstofa skiptaverðs og Hafrannsóknastofnun, og fjórir sjóðir, Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og sjóður til síldarrannsókna, auk ýmissa samninga og verkefna, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Til ráðstöfunar voru alls 5.616,3 m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 4.467,3 m.kr. og uppsafnað frávik var því 1.149 m.kr. eða 20,5%. Frávikið skýrist að stórum hluta af uppsafnaðri stöðu á Fiskræktarsjóði annars vegar 460 m.kr. og Sjóði til síldarrannsókna hins vegar 238 m.kr. Auk þess var afgangur af liðnum Ýmis framlög í sjávarútvegi 310 m.kr. sem er að mestu til kominn vegna smíði á nýju hafrannsóknarskipi. Frávik á Verkefnasjóði sjávarútvegsins var 227 m.kr. en hann er eingöngu fjármagnaður með sértekjum. Loks var afgangur af rekstri Fiskistofu um 100 m.kr. en á móti var uppsafnað tap hjá Hafrannsóknastofnun 232 vegna ársins 2018 en áætlun er um að stofnunin vinni þetta tap niður á nokkrum árum.

## 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Á málefnasviði 16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála heyrir megnið af málaflokki 16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þeim málaflokki tilheyrir rekstur aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem og húsnæðis ráðuneytisins og Hafrannsóknarstofnunnar að Skúlagötu 4.

Til ráðstöfunar voru alls 1.199,0 m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 958,6 m.kr. og uppsafnað frávik var því 240,4 m.kr. eða 20,1%. Frávikíð skýrist annars vegar af afgangi af rekstri aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 158 m.kr. og hins vegar afgangi af rekstri Sjávarútvegshússins að Skúlagötu 4 einkum vegna frestunar á viðhaldsverkefnum sem áætlaðar voru.





## 21 Háskólastig

Á málefnasviði 21 Háskólastig ber sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ábyrgð á háskólum í þágu landbúnaðar. Til ráðstöfunar voru alls 209,2 m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 209,2m.kr.

Sett voru fram 9 markmið á málefnasviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 og til að styðja við þau markmið voru 20 aðgerðir skilgreindar. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.

### Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
12.1 Stjórnun landbúnaðarmála	● 2 ● 2 ● 5 ● 1	10
12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	● 1 ● 1	2
13.1 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	● 1 ● 1 ● 2 ● 1	5
13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	● 1 ● 2	3
<b>Samtals aðgerðir</b>	<b>● 3 ● 4 ● 10 ● 3</b>	<b>20</b>

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið

# Málaflokkar

## 4.1 Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hvernar aðgerðar, sbr. meðfylgjandi töflu:

- **Aðgerð lokið**
- **Aðgerð vel á veg komin**
- **Aðgerð hafin**
- **Undirbúningur hafinn**
- **Aðgerð ekki hafin**

## 07.10 Samkeppnissjóðir í rannsóknum

### Framleiðnisjóður landbúnaðarins:

Í samningi um almenn starfsskilyrði í landbúnaði er kveðið á um árleg framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins en sjóðurinn úthlutar þeim fjármunum til stuðnings atvinnuuppbyggingar í sveitum. Meginhlutverk Framleiðnisjóðs er að veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Á árinu 2019 bárust sjóðnum 92 erindi, þar af voru 40 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 52 vegna rannsókna og þróunarverkefna eða fræðslutengdra viðfangsefna. Afgreidd voru 70 erindi með fyrirheitum um fjárstuðning upp á alls 146 m.kr. Af þeim verkefnum sem hlutu styrk voru 46 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar, t.d. framlög til rannsókna innan háskóla- og vísindasamfélagsins og til fjölbreyttra verkefna á einstökum bújörðum. Alls voru 24 erindi afgreidd sem tengdust rannsóknarstarfi, þróunarverkefnum eða fræðslutengdum viðfangsefnum

### AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, sem ætlað er að auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna og hagnýtra rannsókna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis og eru styrkirnir ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknar- þróunar- og háskólastofnunum.

Úthlutunarnefnd sjóðsins metur umsóknir og leggur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tillögu um úthlutun styrkja. Árið 2019 bárust sjóðnum 66 umsóknir. Alls fengu 30 verkefni styrk upp á samtals 215,7 m.kr. Af styrktum verkefnum voru tíu fiskeldisverkefni, tvö markaðsverkefni, tíu styrkir fóru til líftækniverkefna og átta styrkir fóru til verkefna í flokknum Veiðar og vinnsla

## 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

### MARKMIÐ 1

#### Samkeppnishæf rekstrarskilyrði

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
Endurskoða búvörusamninga.	2019 – 2023
Endurskoða löggjöf um matvælaeftirlit og dýraheilsu.	2019 – 2021
Innleiða sérstaka aðlögunarsamninga um nýja starfsemi til sveita.	2019 – 2021

● Aðgerð ekki hafin   
 ● Undirbúningur hafinn   
 ● Aðgerð hafin   
 ● Aðgerð vel á veg komin   
 ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

#### Árlegur samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Tímabil aðgerða
Móta og framfylgja heildstæðri áætlun um vöktun og ábyrga nýtingu lands.	2019 – 2020
Móta aðgerðir og hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.	2019 – 2023

● Aðgerð ekki hafin   
 ● Undirbúningur hafinn   
 ● Aðgerð hafin   
 ● Aðgerð vel á veg komin   
 ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 3

### Heilnæm matvælaframleiðsla



Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Tímabil aðgerða
 Gera matvælastefnu.	2019 – 2021
 Endurskoða fyrirkomulag áhættumats og auka vöktun á áhættuþáttum matvælaöryggis, þ.m.t. Matvælafalsanir og lyfjapól smitefna í umhverfi, fóðri, dýrum, matvælum og mönnum.	2019 – 2023
 Þróa gagnagrunna og rafrænar lausnir til að bæta stjórnun, skráningu búfjárjúkdóma og tryggja rekjanleika afurða.	2019 – 2023
 Þróa gögn og fyrirkomulag um birtingu upplýsinga um frammistöðu fyrirtækja sem framleiða matvæli og fóður.	2019 – 2020
 Móta heildstæða eftirlits- og viðbragðsáætlun m.t.t. Matvælaöryggis, fóðurs, dýraheilsu og dýravelferðar.	2019 – 2020






 Aðgerð ekki hafin
  Undirbúningur hafinn
  Aðgerð hafin
  Aðgerð vel á veg komin
  Aðgerð lokið

## 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

### MARKMIÐ 1

#### Aukin nýsköpun í virðiskeðju matvælaframleiðslu

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
 Koma á fót öflugum sjóði sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni í matvælaframleiðslu.	2019 – 2023
 Setja á fót stefnu um opinber matvælainnkaup.	2019

 Aðgerð ekki hafin
  Undirbúningur hafinn
  Aðgerð hafin
  Aðgerð vel á veg komin
  Aðgerð lokið







## 13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

### MARKMIÐ 1

#### Árleg aukning verðmætasköpunar

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppbygging hagkvæmrar og skilvirkrar stjórnsýslu fiskeldis innan ráðuneytis og undirstofnana til að bregðast við stóru auknum umsvifum í fiskeldi.</li> </ul>	Á ekki við
<ul style="list-style-type: none"> <li>Unnið að mótun stefnu um aukna þátttöku í alþjóðlegri umræðu um málefni hafsins og forgangsröðun þeirrar þátttöku. Áætlað að drög að stefnu liggja fyrir á árinu 2018.</li> </ul>	Á ekki við

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð vel á veg komin  
 ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

#### Bætt umgengi um auðlindir, efling rannsókna og bætt eftirlit með nýtingu

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
<ul style="list-style-type: none"> <li>Áframhaldandi endurskoðun löggjafar um eftirlit með veiðum og vinnslu sjávarafla, þ.m.t. frekari eftirfylgni og skoðun á vigtun sjávarafla.</li> </ul>	Á ekki við

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð vel á veg komin  
 ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 3

#### Samkeppnishæfni

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
<ul style="list-style-type: none"> <li>Unnið verður áfram að einföldun regluverks og skilvirkni eftirlits bætt.</li> </ul>	Á ekki við
<ul style="list-style-type: none"> <li>Samkeppnisstaða Íslands í sjávarútvegi og fiskeldi verði metin heildstætt í samanburði við nágrannalönd okkar. Gerð verði tillaga um úrbætur þar sem það á við.</li> </ul>	Á ekki við

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð vel á veg komin  
 ● Aðgerð lokið

## 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

### MARKMIÐ 1

#### Sjálfbær nýting hafsvæða og umhverfis fyrir fiskeldi

##### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

##### Tímabil aðgerða

- Gerðar verði rannsóknir og unnin úttekt á fýsileika á notkun á ófrjóum eldisfiski eða lokuðum eldisbúnaði, sem hafi það markmið að nota þessar eldisaðferðir í íslensku fiskeldi og setja skorður við notkun á frjóum eldisfisk í eldi. Þessari úttekt skal lokið fyrir 1. desember 2019, þar sem fram koma tillögur um mögulegar aðgerðir í þessa veru.

2018 – 2019

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

#### Sjálfbær nýting fiskistofna

##### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

##### Tímabil aðgerða

- Stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna m.a. með setningu aflareglna á fleiri stofna og þar með hagstæðari sóknarskilyrðum fyrir fiskiskipaflotann. Tillögur að fleiri aflareglum verða unnar á tímabilinu.
- Vinna við heildstæða áætlun um rannsóknir og vöktun á vistkerfi hafsins. Yfirlit unnið um núverandi stöðu og áætlun um úrbætur. Stefnt er að því að drög liggja fyrir á árinu 2018.

2018 – 2023

2018

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

## 21.20 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi

Landbúnaðarháskóli Íslands vann að rannsóknnum, þróun og nýsköpunarstarfi í þágu landbúnaðar í samræmi við samning skólans og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Samningurinn miðar að því að starfsemi Landbúnaðarháskólans renni stoðum undir megináherslur landbúnaðarstefnunnar hverju sinni, meðal annars í samræmi við fjármálaáætlun hverju sinni. Áherslur byggja einkum á því að auka verðmætasköpun í landbúnaði og stuðla að framþróun þekkingarlandbúnaðar, auka samkeppnishæfni matvælaframleiðslu og auka árlega framleiðni. Þá er áhersla lögð á að auka árlegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

## Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Ráðstafað var úr varasjóði innan málaflokks 13.10 stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis á árinu samtals 23 m.kr. Flutningur á fjárheimild yfir á fjárlagaliðinn 04-845-11000 Alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi þar sem aðildargjöld v/alþjóðlegs samstarfs hafa hækkað m.a. vegna gengis og yfir á fjárlagaliðinn 04-217-10100 til að styrkja rekstur Verðlagsstofu skiptaverðs. Engu var ráðstafað úr varasjóði innan málaflokks 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi og fluttist sjóðurinn óbreyttur yfir á næsta ár.

### Ráðstöfun varasjóða á árinu 2019

Varasjóður málaflokks 13.10	Upphæð í kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	36.100.000
04-845 Alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi	19.000.000
04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs	4.000.000
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>13.100.000</b>
Varasjóður málaflokks 13.20	Upphæð í kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	11.600.000
Engin ráðstöfun	0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>11.600.000</b>

# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn

Á mynd 2 er yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaliðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum yfirfærðum höfuðstól frá árinu 2018.

**Mynd 2.** Yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaliðum.



## Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019

11. janúar

Endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar lokið. [Nánar >](#)



16. janúar

Íslenskum stjórnvöldum heimilt að setja viðbótartryggingar vegna salmonellu. [Nánar >](#)

31. janúar


Skýrsla starfshóps um úthlutun tollkvóta. [Nánar >](#)

28. janúar

Samstarfsverkefni við sauðfjárþændur um loftslagsvænni landbúnað. [Nánar >](#)

16. janúar

Hagfræðistofnun skilar skýrslu um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða. [Nánar >](#)



1. febrúar

Átak um betri merkingar matvæla. [Nánar >](#)



8. febrúar

Sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.



8. febrúar

Mótun matvælastefnu fyrir Ísland. [Nánar >](#)

18. febrúar

Minnisblað Hafrannsóknastofnunar um hvalveiðar. [Nánar >](#)

19. febrúar

Ákvörðun um hvalveiðar. [Nánar >](#)

20. febrúar

Aðgerðaráætlun um innflutning landbúnaðarafurða frá EES-svæðinu. [Nánar >](#)

14. mars

Fullt út úr dyrum á málþingi um áhættumat erfðablöndunar. [Nánar >](#)

5. mars

Frumvarp um fiskeldi lagt fram á Alþingi. [Nánar >](#)

26. febrúar

250 manns á fundi með ráðherra í Þingborg. [Nánar >](#)



18. mars

Markviss einföldun regluverks og betri eftirlitsreglur. [Nánar >](#)  
Mynd: Norden.org





18. mars

Fiskveiðisamkomulag Íslands og Færeyja. [Nánar >](#)



21. mars

Drög að innkaupastefnu matvæla fyrir opinbera aðila í samráðsgátt stjórnvalda. [Nánar >](#)

27. mars

Verkefnisstjórn um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinn. [Nánar >](#)

23. mars

Tillögur um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar. [Nánar >](#)  
Mynd: Golli



29. mars

Ráðherra fundaði með framkvæmdastjóra ESB á sviði heilbrigðis og matvæla. [Nánar >](#)



3. apríl

Ný veggátt um vöktun veiðiáa. [Nánar >](#)

5. apríl

Ræða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á aðalfundi sauðfjárbænda. [Nánar >](#)

5. apríl

Ráðherranefnd um matvæla-  
stefnu fyrir Ísland. [Nánar >](#)



12. apríl

Úthlutun styrkja á málefna-  
sviðum sjávarútvegs- og land-  
búnaðarráðherra. [Nánar >](#)

12. apríl

Ræða sjávarútvegs- og land-  
búnaðarráðherra á aðalfundi  
SFS 12. [Nánar >](#)

15. apríl

Samningaviðræður um endur-  
skoðun búvörusamnings við  
nautgripabændur hefjast. [Nánar >](#)

3. maí

Skípað í starfshóp um afla-  
heimildir sem ríkið fer með  
forræði yfir. [Nánar >](#)

15. apríl

Skýrsla um áhættumat vegna  
innflutnings hunda og katta til  
Íslands. [Nánar >](#)  
Mynd: Norden.org



3. maí

Innflutningsvernd á kartöflum  
felld niður. [Nánar >](#)

7. maí

Tillögum að innkaupastefnu  
matvæla fyrir ríkisaðila skilað  
til ráðherra. [Nánar >](#)



13. maí

Samningur um þorskveiðar íslenskra fiskiskip í rússneska hluta Barentshafsins 2019. [Nánar >](#)



20. maí

Innkaupastefna matvæla fyrir ríkisaðila samþykkt. [Nánar >](#)

29. maí

Ísland í fararbroddi í aðgerðum til að draga úr útbreiðslu sýkla-lyfjaónæmis. [Nánar >](#)



28. maí

Ni Yuefeng, tollamálaráðherra Kína fundar með ráðherra. [Nánar >](#)

12. júní

Skimun fyrir sjúkdómsvaldandi bakteríum í kjöti á markaði. [Nánar >](#)

20. júní

Sameinuðu þjóðirnar birta landsrýniskýrslu Íslands um heims-  
markmiðin. [Nánar >](#)

26. júní

Ráðherra fylgir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. [Nánar >](#)

28. júní

Ráðherra heimsækir Tilrauna-  
stöðvar Háskóla Íslands í meina-  
fræði að Keldum. [Nánar >](#)

27. júní

Ráðherra fundaði með hags-  
munaaðilum í fiskeldi. [Nánar >](#)



4. júlí

Ráðherra skipar áhættu-  
matsnefnd. [Nánar >](#)

19. júlí

Ráðherra ráðstafar 31 þúsund  
tonnum til sérstakra aðgerða. [Nánar >](#)

10. september

Samstarfsfirlýsing um sjávar-  
útvegs- og fiskeldismál undir-  
rituð. [Nánar >](#)

30. ágúst

Breytingar á reglum um stjórn  
veiða á sæbjúgum. [Nánar >](#)

27. júlí

Ráðherrar kolefnisjöfnuðu  
ferðalagið. [Nánar >](#)



15. september

175 milljónir í bættu stjórnsýslu  
og eftirlit með fiskeldi. [Nánar >](#)  
Mynd: Gunnar Geir Vigfússon

18. september

Ráðherra fundaði um fyrirkomu-  
lag loðnuleitar. [Nánar >](#)

● **20. september**

Ráðherra skipar starfshóp um aðgerðir gegn sýklalyfja-ónæmum bakteríum. [Nánar >](#)

● **23. september**

Ávarp ráðherra á ársfundi Hafrannsóknastofnunar. [Nánar >](#)

● **25. september**

Ráðherra undirritar reglugerð um viðbótartryggingar. [Nánar >](#)

● **4. október**

Fundur um framgang aðgerða-áætlunar um matvælaöryggi o.fl. [Nánar >](#)

● **27. september**

Vottorð verður skilyrði fyrir dreifingu alifuglakjöts. [Nánar >](#)



● **15. október**

Styrkja minnihlutavernd í veiðifélögum. [Nánar >](#)

● **21. október**

Vel yfir þúsund reglugerðir felldar brott. [Nánar >](#)

● **23. október**

Ráðherra skipar samráðsnefnd um fiskeldi. [Nánar >](#)



● **23. október**

Skipað í verðlagsnefnd búvara. [Nánar >](#)

● **25. október**

Endurskoðun nautgripasamnings í höfn. [Nánar >](#)



● **29. október**

Vilji til að auka innflutning til Kína. [Nánar >](#)

● **29. október**

Íslandi heimilt að setja viðbótartryggingar vegna svína- og nautakjöts. [Nánar >](#)

● **28. október**

Fundað um stöðu villtra laxastofna. [Nánar >](#)



● **30. október**

Ráðherra heimsótti sjávarútvegssýninguna í Qingdao. [Nánar >](#)



11. nóvember

Endurskoðun tollskrár fyrir landbúnaðarvörur lokið. [Nánar >](#)

12. nóvember

MAST í átaksverkefni vegna afnáms leyfisveitingakerfisins. [Nánar >](#)



4. desember

Heimilt að fullnýta fisk og fiskeldisafurðir til lýsis og fiskimjöls framleiðslu. [Nánar >](#)

20. nóvember

Endurskoðun aflareglu fyrir þorsk. [Nánar >](#)

19. nóvember

Breytingar á úthlutun tollkvóta til hagsbóta fyrir neytendur. [Nánar >](#)



6. desember

Ráðherra fundaði um heimaslátrun. [Nánar >](#)



23. desember

Einfaldara regluverk í nýjum lögum á sviði matvæla. [Nánar >](#)

18. desember

Frumvarp um úthlutun tollkvóta samþykkt á Alþingi. [Nánar >](#)

17. desember

Ráðherra undirritar reglugerð um viðbótartryggingar. [Nánar >](#)

23. desember

Tveggja vikna einangrun í stað fjögurra. [Nánar >](#)



